

**Nd.**

**414. Frumvarp til laga**

[220. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Flm.: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson,  
Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Ingvar Gíslason,  
Lárus Jónsson.

**1. gr.**

Aftan við 5. mgr. d-liðar 15. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Allir viðurkenna nú á dögum, að þriggja mánaða fæðingarorlof hið minnsta sé nauðsynlegt til að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess. Verða þetta að teljast sjálfsögð réttindi þeirra í velferðarþjóðfélagi.

Þeim konum, sem starfa hjá hinu opinbera, hafa með lagaheimild verið tryggð þessi réttindi í tvo áratugi, sbr. lög nr. 38/1954 og reglugerð nr. 87/1954. Þær konur, sem annars staðar eru launþegar, hafa því miður ekki enn fengið þessi réttindi tryggð.

Um það er engin spurning, að úr þessu misrétti verður að bæta. Um hitt hafa menn spurt, hver eigi að kosta fæðingarorlof þessara kvenna, þegar t. d. margur smáatvinnurekandinn hefur ekki bolmagn til þess.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að atvinnuleysistryggingasjóður gæti með eðlilegum hætti haft þetta verkefni með höndum. Leggjum við með frumvarpi þessu til að það verði bundið í lögum.

Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir í 18. gr., að atvinnuleysisbætur miðist við dagvinnulaun skv. 2. taxta Dagsbrúnar og skuli vera 70—80% af áður greiddum launum. Það, sem á kann að vanta, að konan haldi fullum áður greiddum launum í fæðingarorlofi, þyrfti að nást með öðrum hætti. Mætti hugsa sér, að lífeyris-sjóðir stéttarfélaganna stæðu undir þeim greiðslum.

Það er von flutningsmanna, að þetta frumvarp um fæðingarorlof verði lögfest á þessu þingi, því að ekki er vansalaust, að lengur dragist að leiðrétta þetta ranglæti.